

Um þjóðskógana

Þau lönd sem Skógræktin hefur umsjón með fyrir hönd þjóðarinnar ganga undir heitinu þjóðskógarnir. Skógarnir eru opnir öllum, allan ársins hring, um allt land. Í marga er auðvelt að komast og ýmiss konar aðstaða fyrir hendi. Annars staðar þarf að hossast í öflugum jeppa eða ganga upp bratta hlið í ósnortinn skóg.

Skógræktin sinnir ráðgjöf, rannsóknum, fræðslu, verndun og þróun á sviði skógræktar á Íslandi, einnig stuðningi við skógrækt á lögbýlum ásamt almennri umhirðu þjóðskóganna. Aðalskrifstofa Skógræktarinnar er á Egilsstöðum en stofnunin er með starfsemi í öllum landshlutum.

Á Mógilsá í Kollafirði er rekin Rannsóknastöð skógræktar og skógarverðir eru staðsettir á Hallormsstað, Vöglum í Fnjóskadal, á Selfossi og í Hvammi í Skorradal.

Esja

Nafn fjallsins er gjarnan rakið til móbergs-laganna í fjallinu en nafnið þýðir tálgusteinn. Talið er að Esjan hafi myndast á fyrri hluta ísaldar. Hún byggðist upp úr blágrýtis- og móbergslögum og talsvert er um innskot og bergganga í fjallinu. Esjan er syðsta blágrýtis-fjallið á landinu.

Fjallið, sem nú er innan borgarmarka Reykjavíkur, er eitt af einkennum höfuðborgar-svæðisins. Útsýni til fjallsins hefur í gegnum tíðina haft áhrif á fasteignaverð í borginni, og til er fólk sem segist geta spáð fyrir um veðrið út frá litunum í fjallinu.

Hæsti tindur Esjunnar, Hábunga, er 914 metrar. Nokkrar gönguleiðir eru upp á fjallið og þar eru vinsæl útivistarsvæði. Hæsti kambur á Esju miðri, séð úr Reykjavík, heitir Kerhólakambur.

Mógilsá

Mógilsá var hluti af landnámi Ingólfs Arnarsonar, sem var mjög viðfeðmt „...milli Ölfusár og Hvalfjarðar fyrir útan Brynjudalsá, milli Óxarár, ok öll nes út“.

Heimildir eru um búsetu á Mógilsá frá árinu 1395 en bæjarstæðið er um 60 m SA af Þjónustumiðstöðinni við Esjurætur. Þar má sjá leifar af fjárhúsi og túngarði og stuttu frá árósi Mógilsár í Kollafirði má einnig sjá tóftir tveggja nausta. Örnefnið Linbrekkur sem finnst innan jarðarinnar er hugsanleg vísbending um að lín hafi verið ræktað á jörðinni.

Búið var á jörðinni þar til ársins 1964, þegar íslenska ríkið keypti Mógilsárjörðina af Jóni Erlendssyni bónda og afhenti Skógrækt ríkisins svo þar mætti reisa tilraunastöð.

Skógrækt ríkisins girti af jörðina og hófst strax handa við að gróðursetja tré.

Það er eðli skógræktarrannsókna að prófa nýjar trjategundir og mikið af því efni var gróðursett í brekkurnar fyrir ofan tilraunastöðina. Þar er því mjög fjölbreyttur skógur með fágætar tegundir líkt og linditré, broddhlyn og risalerki. Þá er fjölbreytt fuglalíf í skóginum, enda koma margir flækingar við á Mógilsá. Árið 2000 var gerður samningur við Skógræktarfélag Reykjavíkur um umhirðu skógarins og áframhaldandi gróðursetningu trjáa á Mógilsárjörðinni og hefur félagið lyft Grettistaki í því að viðhalda stígum og auka flatarmál skógarins við Esjurætur. Skógræktarfélag Reykjavíkur er einnig með samning um skógrækt jörðinni Kollafirði sem er næsta jörð austan Mógilsár.

SKÓGRÆKTARRANNSÓKNIR Á MÓGILSÁ
Segja má að íslensk skógrækt hafi í raun verið ein stór tilraun frá aldamótunum 1900 og fram á miðja 20. öld, þar sem seinfengin almenn reynsla var undirstaða þess árangurs sem náðist í skógrækt hér á landi. Upp úr 1950 urðu skógræktarrannsóknir markvissari, Sturla Friðriksson plöntuerfðafræðingur var ráðinn í stuttan tíma til að sinna rannsóknum og fyrsta skipulega kvæmatilraunin var lögð út á Hallormsstað af Sigurði Blöndal. Árið 1957 kom Haukur Ragnarsson skógræðingur til starfa hjá Skógrækt ríkisins og annaðist vísindalegar tilraunir á vegum stofnunarinnar. Varð hann síðar fyrsti forstöðumaður Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá. Fyrsta skóflustunga að húsum Rannsóknastöðvarinnar var tekin af þáverandi utanríkisráðherra, Guðmundi I. Guðmundssyni, 15. maí 1964, „...og var það eina ærlega handtakið þarna efra þann daginn“ skv. frétt Þjóðviljans 16. maí það sama ár. Stöðin var reist fyrir þjóðargjöf Norðmanna til Íslendinga og var ætlað að vera varanlegur minnisvarði um samstarf þjóðanna í skógræktarmálum. Hún var vígð þremur árum seinna, 15. ágúst 1967. Fyrstu áratugina voru tveir sérfræðingar starfandi á Mógilsá og var áherslan á kortlagningu skógræktarskilyrða og kvæmatilraunir. Á 9. áratug síðustu aldar var aukinn áhugi á skógrækt og jukust þá einnig skógræktarrannsóknir. Árið 2017 starfa 10 sérfræðingar við stöðina sem sinna rannsóknum á flestum sviðum skógræktar, t.d. hvaða tegundir/kvæmi henta til skógræktar á Íslandi, hvernig auka megí lifun og þol plantna gagnvart meindýrum og sjúkdómum og hver séu áhrif skógræktar, t.d. á loftslagsmál, lýðheilsu eða vistkerfi.

Þó höfuðstöðvar skógræktarrannsókna séu á Mógilsá teygja þær sig um allt land. Þannig eru fjölmargir tilraunareitir víðs vegar um landið, t.d. klónatilraunir á ösp, kvæmatilraunir með greni og birki og svo mætti lengi telja. Sérfræðingar stöðvarinnar fara árlega í fjölmargar úttektir, þar sem m.a. er mældur vöxtur trjáa en út frá því má reikna hversu mikið kolefni er bundið í íslenskum skógum.

Eins og í upphafi er meginmarkmiðið það sama að efla íslenska skógrækt með hagnýtri þekkingu byggðri á vísindalegum rannsóknum. Þannig má byggja upp gjöfula og sjálfbæra skógarauðlind, landi og þjóð til framdráttar.

JARÐFRÆÐI


Mikil jarðfræðileg fjölbreytni er á Kjalarnesi. Þar finnast jarðlög frá fyrri hluta ísaldar og skiptast á hraunlög sem runnu á hlýskeiðum og móbergs- og bólstrabergslög sem mynduðust við gos undir jökli. Í grunninn eru Esjuhlíðar fornir sjávarhamrar en telja má að sjávarstaða hafi verið um 60 m hærri við lok síðustu ísaldar en hún er nú.

Landslag í undirhlíðum Esju er skemmtilegt með hólum, giljum og lækjum.

Suðurhlíðar Esju einkennast af þremur berg-hlaupum, en stærst er Kollafjarðarhlaupið sem afmarkast af Kollafjarðará að austan og Mógilsá að vestan. Á Mógilsá hefur bæði verið stundað malar- og kalknám. Kalknáma var starfrækt í nokkur ár var starfrækt í nokkur ár upp úr 1870 og er húsið við Lækjargötu 10 í Reykjavík reist úr grjóti úr Skólavörðuholti sem bundið var saman með kalki frá Mógilsá. Þá hefur lengi blundað sú von að hægt væri að vinna gull úr jörðu á Mógilsá.

Finndu trén

Vissir þú að á Mógilsá er í dag einn fjölbreyttasti skógur landsins? Í skóginum kringum stöðina sjálfa hafa nýjar trjategundir verið reyndar í hálfa öld og þannig orðið til mikið trjásafn. Hér eru nokkur dæmi um tré sem finna má í safninu. Getur þú fundið trén útfrá myndunum?

	Garðalind <i>Tilia x vulgaris</i>
	Alaskaepli <i>Malus fusca</i>
	Heggur <i>Prunus padus</i>
	Svartölur <i>Alnus glutinosa</i>
	Marþöll <i>Tsuga heterophylla</i>
	Blóðbeyki <i>Fagus sylvatica Purpurea</i>
	Álmur <i>Ulmus glabra</i>
	Askur <i>Fraxinus excelsior</i>
	Broddhlynur <i>Acer platanoides</i>
	Stafafura <i>Pinus contorta</i>

Skógarvörður
Mógilsá
700 Egilsstaðir
Míðvangi 2-4,
470 2000,
skogur@skogur.is
Rannsóknastöð
Skógræktar Mógilsá
Kjalarnesi,
116 Reykjavík
470 2050,
mogilsa@skogur.is
Skógarvörður
á Austurlandi
Hallormsstað,
701 Egilsstaðir
Hvammi,
311 Borgarnes
470 2040,
vesturland@skogur.is

www.skogur.is



MÓGILSÁ



Göngum vel um
viðkvæma náttúru
Verið velkominn
í skógin á Mógilsá.



STÍGANETIÐ Á MÓGILSÁ

Eins og sjá má á kortinu tengist stíganetið á Mógilsá Esjustígum. Hinir minni stígar eru í raun tilvalið tilbrigði við hefðbundna Esjugöngu; styttri Esjuganga í sjálfu sér.

Mógilsá

• Gönguleiðakort •



FERDIST MED ÖRYGGI Á ESJU

Það er mikilvægt að fylgjast með veðurspá og búa sig miðað við aðstæður áður en lagt er af stað í göngu á Esju, jafnvel yfir hásumarið. Yfir vetrarmánuðina er varasamt að fara á fjallið nema með réttan búnað og næga þekkingu á aðstæðum. Skiljið eftir ferðaáætlun á safetravel.is og hafið alltaf síma eða önnur fjarskiptatæki með í för.

Léttar gönguleiðir



SKÓGARLEIÐ

Græn leið – 2,8 km/1-2 klst.

Gengið er frá Esjustofu eða Mógilsá. Leiðin liggur um Bjarkarlund, Sauðagil, Sjónarhól, Kálfsdal, Flatann, Trjásafnið og um Hindiberjaskóg.



TRJÁSAFNSLEIÐ

Blá leið – 530m/15-30 mín.

Gengið er af stað frá Mógilsá. Leiðin liggur um Grundarhól, Trjásafnið og Hindiberjaskóg.



SÆLUHRINGUR

Appelsínugul leið – 880m/30-45 mín.

Gengið af stað frá Mógilsá. Leiðin liggur um Grundarhól, Flatann, Trjásafnið og Hindiberjaskóg.



HLÍÐARFÓTUR

Grá leið – 2,1-2,8 km/1-2 klst.

Leiðina má ganga hvort sem er frá Esjustofu eða Mógilsá. Leiðin liggur um Bjarkarlund, Sauðagil, Kálfsdal, Flatann, Trjásafnið og Hindiberjaskóg.

STEINN EÐA VARÐA

Blá leið – 7 km/2-3 klst.

Gengið er upp frá Esjustofu. Leiðin liggur um Bjarkarlund, Brú, Vað og Stein. Og loks upp að Vörðu á Þverfellshorni.

Stórkostlegt útsýni er frá efri hluta leiðarinnar. Leiðin frá Steini og að Vörðu er mjög brött og liggur um hamrabelti. Hætta er á grjóthruni. Hætta er á hrap. Leiðin er sleip í rigningu og snjókomu. Efsti hluti leiðarinnar er mjög varasamur að vetrarlagi og aðeins fær reyndu, vel útbúnu göngufólki.

KÖGUNARHÓLL

Ljósbrún leið – 6,3 km/1-2 klst.

Gengið er upp frá Esjustofu. Leiðin liggur um Bjarkarlund, Brú, Vað, Fjallaleið, um Skriðu, Sjónarhól, Sauðagil og loks aftur að Bjarkarlundi.


Leiðin er óstíkuð að hluta en býður upp á fallegt útsýni. Fyrir ofan Vað hafa fallið snjóflóð á leiðina. Neðsti hluti leiðarinnar liggur í gegnum skóg.

FJALLALEIÐ UM GUNNLAUGSSKARÐ

Brún leið – 10,6-10,8 km/4-5 klst.

Gengið er upp frá Esjustofu eða Mógilsá. Leiðin liggur um Bjarkarlund, Brú, Stein, upp að Vörðu, um Esjubrún, Gunnlaugsskarð, Fjallaleið, um Skriðu, Sjónarhól og Sauðagil. Leiðin er mjög brött og varasöm milli Steins og Vörðu og einnig í Gunnlaugsskarði. Hætta er á hrap. Hætta á grjóthruni og snjóflóðum. Villugjarn í þoku. Leiðin er sleip í rigningu og snjókomu. Leiðin er mjög varasöm að vetrarlagi og aðeins fær reyndu, vel útbúnu göngufólki.

Leiðin er óstíkuð að hluta. Af gönguleiðinni er mjög fallegt útsýni. Neðsti hluti leiðarinnar liggur í gegnum skóg.



E S J A

